

Fundargerð

Mætt: Rúnar Björn Herrera Þorkelsson (RB), Árni Steingrímu Sigurðsson (ÁSS), Tinna Helgadóttir (TH) og Guðjón Sigurbjartsson (GS).

Fundarstjóri: Rúnar Björn

Fundarritari: Guðjón Sigurbjartsson

1. Fundargerð 20.11.18

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Viðburðir um tiltekin málefni

Erindi hefur borist frá borgarstjórnarflokki um að áhugavert væri að félagið stæði öðru hverju fyrir málfundi/viðburðumi varðandi mál sem eru í deigluinni bæði fyrir starfið inn á við og í kynningartilgangi.

Stjórnin tók vel í þetta.

TH falið að svar með jákvæðum hætti. Gott væri ef borgarstjórnar-flokkurinn myndi koma með hugmyndir að umfjöllunarefnum og tímasetningum og stjórn PÍR myndi þá sjá um framkvæmd ásamt starfsfólki flokksins.

3. Fjármál félagsins

TH greindi frá því að lítið er í sjóði.

Bráðum er von á seinni hluta árlegum styrk frá Reykjavíkurborg að upphæð um 1,1 m.kr.

Samþykkt fela formanni og gjaldkera að gera drög að fjárhagsáætlun fyrir starfsárið.

ÁSS varpaði fram þeirri hugmynd að taka þyrfti upp félagsgjöld og mögulega aðra fjáröflun.

Formanni falið að taka málið upp við Framkvæmdaráð og þá að félagsgjöld verði tekin upp heildrænt fyrir flokkinn.

4. Kynningarmál

Rætt um þörfina fyrir öflugt kynningarstarf.

Samþykkt að taka frá fjármuni í fjárhagsáætlun til kynningarmála.

Meðal þess sem ger þarf er að kynna það sem verið er að gera á vegum Reykjavíkurborgar með myndböndum og legga fé í birtingar.

5. Ályktun aðalfundar varðandi birtingu kosningagagna

Samþykkt að ÁSS boði til félagsfundar á næstunni til að fjalla um birtingu kjörgagna í framtíðinni og eftir atvikum úr fortíðinni og með hvaða skilmálum það verði gert.

Frestað til næsta fundar:

5. Markmið PÍR fyrir næsta starfsár.

Rætt um stefnumál fyrir starfsárið.

Meðal þess sem fram kom í umræðum var þetta:

- Mynda þarf málefnaþópa sem leiða endurskoðun og mótun stefnu um hin ýmsu mál sem mestu skipta svo sem húsnæðismál, leigjendamál, skaðaminnkunar mál osfrv.
- Verja þarf fjármunum í kynningarmál til að styðja við borgarstjórnarflokk Pírata og segja frá því sem vel er gert.
- Þjóða borgarstjórnarflokki á stjórnarfund PÍR við fyrsta tækifæri til að ræða m.a. með hvaða hætti stjórn PÍR getur styrkt þeirra starf sem mest og best.
- Stjórn PÍR þarf að ræða pólitík og álykta ef svo ber undir.
- Stefnt er að því að stefna og verkáætlun fyrir næsta starfsár liggi fyrir í byrjun næsta árs.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 20:00